
Skógarvörðurinn á Austurlandi

Starfsskýrsla 2021



Mynd: Anna Jakobs.



skógræktin

Efnisyfirlit

Töfluskrá	bls. 3
Almennt	bls. 4
Veðurfar – veðurmælingar	bls. 4
Starfsfólk ársins	bls. 7
Skógur og skóggræðsla	bls. 8
Vöxtur og þrif trjágróðurs	bls. 8
Girðingar og smölun	bls. 9
Viðhald vega og slóða	bls. 10
Skógarhögg	bls. 10
Viðarvinnsla	bls. 13
Jólatré	bls. 15
Gróðursetning	bls. 16
Plöntudreifingarstöð	bls. 20
Fasteignir	bls. 20
Viðhald	bls. 20
Vélar og verkfæri	bls. 21
Bifreiðar	bls. 21
Dráttarvélar	bls. 21
Önnur tæki	bls. 22
Útivistarsvæði	bls. 22
Hallormsstaðaskógur	bls. 22
Tjaldsvæði	bls. 24
Trjásafn	bls. 25
Ýmislegt annað	bls. 26
Græn skref	bls. 26
Sjálboðaliðar	bls. 26
Trepox	bls. 27
Rjúpnaveiði	bls. 28
Námskeið/fundir/ráðstefnur	bls. 28

Töfluskrá

	Bls.
Tafla 1. Veðurmælingar á Hallormsstað 2021 _____	4
Tafla 2. Samantekt á hitafari maí-sept. _____	5
Tafla 3. Úrkoma 2021 _____	5
Tafla 4. Jarðvegshiti _____	6
Tafla 5. Grisjun / skermfelling birkiskóga 2021 _____	10
Tafla 6. Grisjun barrskóga 2021 _____	12
Tafla 7. Afhentur viður 2021 _____	14
Tafla 8. Afhending girðingarstaura 2021 _____	14
Tafla 9. Sala á jólatrjám 2021 _____	15
Tafla 10. Sala á jólagreinum 2021 _____	15
Tafla 11. Gróðursetning Hallormsstað 2021 _____	16
Tafla 12. Móðurreitur, klónar af alaskaösp. Buðlungavellir 2021 _____	17
Tafla 13. Gróðursetning á Ormsstöðum II í Breiðdal 2021 _____	18
Tafla 14. Gróðursetning Höfða 2021 _____	19
Tafla 15. Gistinætur 2011-2021 _____	25
Tafla 16. Gróðursetning í Trjásafni _____	25
Tafla 17. Sala veiðileyfa 2021 _____	28


Starfsskýrsla Skógræktin á Austurlandi

Almennt

Veðurfar – veðurmælingar

Tafla 1. Veðurmælingar á Hallormsstað 2021

Lofthiti	Jan.	Feb.	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.
Meðalhiti mán.	-1,9	0,1	1,6	2,1	3,0	9,3	14,1	12,8	8,3	3,3	0,6	-1,3
Hæsta hitastig	10,4	11,8	15,3	15,0	16,6	26,4	27,1	29,4	23,6	12,0	11,9	12,2
Lægsta hitastig	-13,3	-12,1	-13,3	-12,1	-6,6	-1,7	5,0	3,2	-1,7	-5,3	-6,9	-11,8
Meðalhiti maí - sept.								9,5				
Meðalhiti júní - sept.							11,2					
Meðalhiti allt árið	4,4											



Samantekt á hitafari (1. maí til 30. september = 153 dagar) 2017 til 2021**Lofthiti**

Tafla 2. Samantekt á hitafari maí - september.

	2017	2018	2019	2020	2021
Fjöldi sólarhringa þar sem lágmarkshiti er jafn eða minni en 2°C	21	30	40	45	45
Fjöldi sólarhringa þar sem sólarhr. meðalhiti er jafn eða yfir 5°C	149	141	123	128	115
Fjöldi sólarhringa þar sem sólarhr. meðalhiti er jafn eða yfir 15°C	6	6	6	5	20
Fjöldi sólarhringa þar sem hámarkshiti er jafn eða yfir 15°C	62	54	39	50	79
Fjöldi sólarhringa þar sem hámarkshiti er jafn eða yfir 20°C	10	14	10	10	34
Hitasumma					
Fjöldi sólarhringa sem hitasumma (>5°C) sólarhrings er yfir 5°C	60	68	47	58	88
Hitasumma (>5°C)	735	694	558	616	805

Meðalhiti mánaða maí – september 2017 til 2021.


Úrkoma

Tafla 3. Úrkoma á Hallormsstað í mm.

	jan.	feb.	mars.	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.	Samtals
2014	390,4	137,8	107,1	23,1	39,9	22,2	71,0	55,8	33,7	155,9	181,1	141,4	1.359,4
2015	117,5	86,2	204,8	37,4	31,9	15,7	23,8	96,6	65,3	65,6	54,1	198,9	997,8
2016	67,4	93,3	29,3	16,7	24,5	13	31,5	88,1	121,4	28,2	44,8	125,5	683,7
2017	42,7	296,64	36,8	45,1	51,6	54	35,5	28,8	152,7	90,9	79,4	25	939,1
2018	237,8	186,51	111,1	50,5	59,7	25	61,5	52	57,3	120,9	116,8	146,7	1225,4
2019	56	68,8	43,6	35,3	4,6	24,8	62,52	18,3	50,9	149,9	65,8	115	695,52
2020	76,9	175,05	109,7	53,7	5	34,02	31,2	23,73	78	148,1	75,8	171,2	982,4
2021	65,8	128,4	26,7	26,6	15,5	34,2	30,6	4,8	100,4	115,1	69,2	100,3	717,6

Úrkoma maí – sept. **185,5**
 Úrkoma júní – sept. **170**
 Ársúrkoma **717,6**

Úrkoma á Hallormsstað í mm



Jarðvegshiti

Tafla 4. Jarðvegshiti á Hallormsstað í °C, 2021.

Jarðvegsmælar	jan.	feb.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt	nóv	des.
Við jörðu	-1,99	-0,3	-0,08	1,05	3,2	9,49	14,21	12,40	7,08	2,18	-0,93	-1,90
10 cm. dýpt	-2,36	-0,56	-0,59	0,24	2,49	8,52	13,36	11,83	6,56	1,86	-1,26	-2,29
20 cm. dýpt	0,25	0,16	0,2	0,18	1,83	8,44	12,87	12,63	9,76	4,70	1,97	0,62
50 cm. dýpt	0,27	0,12	0,13	0,12	1,68	8,19	12,52	12,31	9,76	4,78	2,04	0,72
100 cm. dýpt	0,79	0,53	0,43	0,39	1,04	6,07	10,04	10,59	9,32	5,33	2,78	1,44



Starfsfólk ársins

Fastir starfsmenn

Bergrún Arna Þorsteinsdóttir, Bjarki Sigurðsson, Jón Þ. Tryggvason. Snorri Páll Jóhannsson hætti störfum í lok ágúst eftir um 4 ára starf hjá deildinni, Sigfús J. Oddsson, Þór Þorfinnsson. Sigurður Kjerulf hóf ekki störf aftur hjá deildinni eftir langt veikindaleyfi, Ýmir Knútur Eiríksson byrjaði 15. september sem heilsársmaður, Kacper Zabczyk var starfsnemi í ágúst og var síðan ráðinn 1. október um óákveðin tíma, Eiríkur Kjerulf byrjaði í nóvember og var fram í miðjan apríl, byrjaði aftur um miðjan nóvember.

Sumarstarfsfólk

Agnes Hlín Ýrardóttir, Elvar Aron Heimisson, Hjálmar Óli Þorvarðarson, Kristinn Erlingsson, Martina Kašparová, Sindri Týr Shannen, Sýlvía Rós Einarsdóttir,

Önnur starfsmannamál

Covid-19 bankaði á dyr hjá okkur í byrjun ágúst og greindist þá einn starfsmaður með Covid-19, fjórir starfsmenn þurftu í sóttkví, enginn af þeim fékk Covid-19. Seinni hluta nóvember greindist einn starfsmaður smitaður, fimm dögum síðar greindist annar starfsmaður með Covid-19, allt starfsfólkið endaði á að lenda í sóttkví.



Skógur og skóggræðsla

Vöxtur og þrif trjágróðurs

Vöxtur

Vöxtur flestra barr og lauftrjá var með allra besta móti enda sumarið með besta móti, langvarandi hlýindi frá um 20. júní fram yfir sama tíma í júlí.

Hér eru nokkrar hæðarmælingar sem skógfræðinemar við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri gerðu í haust í Hallormsstaðaskógi:

Stafafura á Atlavíkurstekk	20,1 m, þvermál 60,5 cm
Skógarfura við Jökullæk	19,25 m
Rauðgreni við Jökullæk frá 1920	19,0 m, þvermál 37,4 cm
Risalífviður við Jökullæk	11,4 m, þvermál 26,9 cm
Alaskaösp í Neðsta reit, Trjásafnið	25,2 m
Evrópulerki í Neðsta reit, Trjásafnið	25,0, þvermál 70,3 cm

Fræfall

Frekar lítil köngla og fræmyndun var á okkar helstu tegundum sem safnað er af, lítið fræ var á birkinu. Mjög lítil fræmyndun var á stafafuru frá Skagway, en heldur meira á Bennet Lake kvæminu. Starfsmenn söfnuðu lítilháttar af sjálfsánum trjám á Hafursá, um 30 kg. Skógarbóndinn Styrmir Bragason í Stangarási safnaði um 170 kg af könglum á Hafursá og Höfða.

Skaðvaldar á trjám

Lítið sem ekkert var um skaðvalda á trjám og runnum í Hallormsstaðaskógi í ár, né annars staðar í fjórðungnum. Þó var vart við Birkipélu víða á Austurlandi. Á Egilsstöðum lék Birkipélan nokkrar hengibjarkir grátt.

Girðingar og smölun

Hallormsstaðagirðing

Rafgirðingin sem liggur úr gömlu skógargirðingunni upp á Hallormsstaðabjargi þvert yfir Hallormsstaðahálsinn var gerð fjárheld. Skógræktin heldur við girðingunni að Hafursárgili. Verktakinn Óli Gauti Sigurðsson hefur séð um viðhaldið austan við gilið, eitthvert fjármagn hefur fengist frá Suðfjárveikivörnum síðustu ár til verksins. Farið með skógargirðingunni um miðjan júní, var í þokkalegu ástandi eftir veturinn. Eftir er að endurgirða um 300 m kafla í Hádegisfjalli fyrir utan stöðugt viðhald.

Skriðuklausturgirðing

Farið með girðingunni um miðjan júní. Lerkið upp með rafmagnshluta girðingarinnar var uppkvistað eða grisjað burt.

Ormsstaðir II í Breiðdal

Girðingarverktakinn Skúli Björnsson gekk frá undirgirðingum, steinhleðslum, hliðum og rafmagnstengingum girðingunni í byrjun júní. Rafmagni hleypt á girðinguna. Aðeins var um að fáeinar kindur hefðust við um sumarið. Geitur frá nágrannabæ gerðu sig heimakomnar allt sumarið, erfitt er að koma í veg fyrir það, eigendur sóttu nokkrum sinnum geitur í girðinguna.

Jórvíkurgirðing

Ekki var farið með girðingunni í ár.

Girðing yfir Víðidal á Hafursá

Rafgirðing sem girt var úr Hallormsstaðagirðingunni í landi Hafursár yfir Víðidalinn í Vaðsgirðingu á sínum tíma. Til varðveislu á hvíta fénu frá Skriðuklaustri vegna riðuniðurskurðar var loksins tekinn niður. Verkefnið var unnið af sjálboðaliðum frá Seeds samtökunum.

Smölun búfjár

Starfsmenn deildarinnar tóku ekki þátt í neinni smölun í ár. Skriðdalsbændur og aðstoðarfólk sá um að smala fé sem sloppið hafði inn í skógargirðinguna.

Viðhald vega og slóða

Lögð var ný klæðning á vegstubbinn frá Þjóðvegi niður að starfstöðinni, í umsjón Vegagerðarinnar.

Keyrð mól í slóða frá Þjóðvegi við blágreni inna við Starfstöð auk bútar frá Selvegi í Króka. Klárað að keyra mól í skógar slóða utan við flataskóg að Skriðdalsvegi.


Skógarhögg

Birkiskógurinn á Hallormsstað

Haldið er áfram að klára að fella birkiskerm yfir ýmsum tegundum barrtrjáa, auk þess var lítisháttar birkiskógur á tveim svæðum grisjaður. Aðeins var byrjað að höggva slóða í gegnum þinin efst í Flataskógi og skermfella innst, áður en skermur verður felldur.

Tafla 5. Grisjun/skermfelling birkiskóga á Hallormsstað 2021

Svæði	Reitur	Stærð ha.	Ath.
Við Hallormshaug	612-2, 612-3	0,5	Skermur, Bg, Lf. og SF.
Partur	411-4	0,7	Skermur, fjallapínur
Utan við Sölvaklett		0,2	Grisjun
Hólar		0,3	Grisjun
			Skermur
		Alls: 3,5	



Barrskógurinn á Hallormsstað og Höfða

Hallormsstaður

Grisjunarverkefni ársins byrjuðu um miðjan janúar, grisjað var sitkagreni í Lambabóli, reitur innan Trjásafnsins.

Um miðjan febrúar var gjörfellt lerki í tveimur reitum ofan Guttormslundar, skilin voru eftir stakstæð tré í reit við Þjóðveg.

Skógarverktakinn Kristján Már Magnússon gjörfeldi með sínum vélakosti þrjá reiti í mars, tveir reitir á Atlavíkurstekki, skilin voru eftir nokkur beinvaxin tré þar, alls um 2 ha. Tók rúmlega 3 daga að fella trén. Efnið var keyrt út af starfsmanni Skógræktarinnar, mestur hluti efnis var seldur til Skógarafurða ehf. í Fljótsdal. Um miðjan febrúar, gjörfelling á lerki yfir greni í R724-1 og 707-18, stakstæð tré skilin eftir í 707-18.

Reitir 711-2 og 714A kjarrsagaðir eftir gjörfellinguna í ágúst.




Höfði

Í lok janúar byrjaði Kristján Már Magnússon verktaki að grisja og keyra með sýnum vélakosti á Höfða, verkefninu lokið um miðjan febrúar, keyrðir voru út um 400m³. Samið var við fyrirtækið Tandraberg ehf á Eskifirði um að taka efnið. Verkefnið er þróunarverkefni í betri og nýjum nýtingarmöguleikum úr fyrstu grisjun. Samstarfsaðilar frá Tandraberg ehf. eru Magnús Þorsteinsson og Einar B. Kristjánsson.

Tafla 6. Grisjun barrskóga á Hallormsstað og Höfða 2021.

Tegund	Svæði	Reitur	Ha.	Ath.
Sitkagreni	Trjásafn		1,0	Lambaból
Síberíulerki	Innskógur	710-9	0,6	Gjörfelling, verktaki
Síberíulerki	Atlav. stekkur	712-2	0,7	Gjörfelling, verktaki
Síberíulerki	Atlav. stekkur	714-3A	0,7	Gjörfelling, verktaki
Síberíulerki	Vörðuhraun	724-1	0,5	Gjörfelling
Rússalerki	Vörðuhraun	707-18	0,1	Gjörfelling
Rússaalerki	Höfði		6,3	Verktaki
Alls:			14,4	

400 m³ á Höfða.



Viðarvinnsla

Unnið var við ýmiskonar viðarvinnslu á árinu. Afhent var meðal annars lerki í veggklæðningar, asparefni í hillu og veggklæðningu á Hótel og veggklæðning, efni í sáluhlið í Stöð á Stöðvarfirði og Djúpavogi. Heilir lerkibolir á leikskóla og til siklingaklúbbsins við Pollinn á Akureyri. Eldiviðar og kurlsala var heldur meiri en árið á undan. Um 189 m³ af lerki timburbolum fóru til Skógarafurða í Fljótssdal.




Kirkjuport, Stöð í Stöðvarfirði

Tafla 7. Afhentur viður 2021

Vörutegund	Magn fm3	Magn í m, m ² , m ³ , lm ³ , stk.	Eining
Lerkiborðviður, kantaður	12,78	506,84	m ²
Lerkiborðviður, ókantaður	0,62	20,75	m ²
Birkiborðviður	0,15	5,7	m ²
Birkibolviður, birt	0,3	33,1	m
Lerkibolviður (Skógarafurðir)	189	189	fm ³
Lerkibolviður, óbirt	11,54	287,45	m
Asparborðviður, kantaður/ókantaður	2,9	139,16	m ²
Asparbolviður	1,2	1,2	fm ³
Reyniviður og elri, bolviður	0,0834	8,5	m
Greniborðviður, kantað/ókantaður	4,73	82,2	m ²
Grenibolviður - stikkur	0,5	5	m ²
Viðarkurl lerki – alm. sala	90,7	217,6	m ³
Viðarkurl greni – undirburður f. hross	27,5	66	m ³
Eldiviður birki (1 m ³ poki)	11,5	23	stk.
Eldiviður birki (1 m ³ poki) afsag	4,0	8	stk.
Eldiviður birki (40 lítra poki)	95,7	3679	stk.
Bök	7	9,3	bretti
Eldiviður, barrviður (30 lítra poki)	1,1	54	stk.
Eldiviður, barrviður (40 lítra poki)	0,1	4	stk.
Eldiviður, barrviður (1 m ³ poki)	13	26	stk.
Spæniir/afsag birki (40 lítra poki)	0,5	21	stk.

Tafla 8. Afhending girðingarstaura 2021

Vörutegund	Ein.	Magn
Vegstikur	stk.	55



Jólatré

Sala jólatrjáa

Búið var að keyra út torgtrén seinni partinn í nóvember, þeim var dreift frá Höfn til Þórshafnar. Send voru tré til Skógræktarfélags Eyfirðinga, stafafura, rauðgreni, blágreni og fáeinar lindifurur, alls 267 tré.

Tegundirnar voru sóttar á Hafursá, Hallormsstað, Höfða og í Skriðuklaustursgirðinguna.

Skógræktin á Hallormsstað seldu í samvinnu við skógarbændur á Héraði, jólatré, laugardaginn 18. desember í Samfélagssmiðjunni (gamla Blómabæ). Að venju var sendur um 6 m fjallaþinur til Runavíkur í Færeyjum, vinabær Múlþings.

Aðrir kaupendur voru Húsasmiðjan á Egilsstöðum og Björgunarsveitin Gerpir á Neskaupstað.

Tafla 9. Sala á jólatrjám 2021

Stærðarflokkar	Rauðgreni	Stafafura	Blágreni	Fjallaþinur	Lindifura	Alls
0.70-1.00 m	6					6
1.00-1.25 m	23	13	1			37
1.26-1.50 m	27	45	13	3		88
1.51-1.75 m	52	85	14	8	2	161
1.76-2.00 m	23	46	10	8	9	96
2.01-2.50 m	17	24	3	1	5	50
2.51-3.00 m	5	3		1		9
3-4 m	2			1		3
4-5 m	2			1		3
5-6 m	1					1
6-7 m	1					1
7-8 m	2					2
8-9 m	3					3
9-10	2					2
½ útitré (veggtré)	102					102
Alls:	268	216	41	23	16	564

Tafla 10. Sala á jólagreinum 2021

Tegund	Kg.
Ýmsar tegundir	52,5



Gróðursetning

Endurgróðursett var í nokkra reiti þar sem 2019 hafði verið gróðursettur sitkabastarður. Fór allur forgörðum, ekki er vitað um ástæðuna.

Gróður sett var sitkagreni í lítið tún utan við Buðlungavallaá ofan vegar, einnig var gróðursett þar riðþolnir klónar af Alaskaösp sem ætlað er að nota sem móðurreitur fyrir þessa klóna, túnið var TDS herfað, borinn var áburður á plöntur.

Tafla 11. Gróðursetning á Hallormsstað

Tegund	Kvæmi	Aldur	Pl. gerð	R.nr.	Fjöldi	Ath.
Sitkagreni	Cordova	1/0	fp40	Tún á Buðlungav.	1100	TDS herfing
Sitkagreni	Cordova	1/0	fp40	703-5	1560	endurgróðursetning
Sitkagreni	Cordova	1/0	fp40	704-2	400	endurgróðursetning
Sitkagreni	Cordova	1/0	fp40	704-16	2400	endurgróðursetning
Sitkagreni	Cordova	1/0	fp40	706-3	1520	eftir að klára reit
				Alls:	6980	

Gróðursettir í móðurreit nokkrir ryðpolnir klónar af alaskaösp í jarðunnið tún á Buðlungavöllum. Stikklingar komu frá Vöglum. Efniviðurinn er úr úrvali Halldórs Sverrissonar fyrrum starfsmanns Rannsóknarstöðvarinnar á Mógilsá.

Tafla 12 Móðurreitur, klónar af alaskaösp. Buðlungavellir

Nr klónn	Fjöldi	Nr. klónn	Fjöldi	Nr klónn	Fjöldi
R24	29	Y16	4	R2	33
R11	26	HÓ6	5	Ómerkt	28
E Rauði	30	HÓ100	5	S49	10
F16	30	HVE21	10	SV10	5
HÓ101	52	BE24	30	6-23	5
S29	61	S25	32	HÓ103	5
S48	28	R5	28	SV9	3
Y14	5	Y16	4	F16	5
S19	4			Alls:	94



Gróðursetning í vorkulda á Buðlungavöllum

Ormsstaðir II í Breiðdal

Sveinn Ingimarsson verktaki byrjaði að jarðvinna með TDS herfi um miðjan júní.

Gróðursetning hófst heldur seint vegna ýmissa ástæðna eða 23. júní. Eiður Elvarsson verktaki tók að sér verkefnið. Borinn var áburður á allar plöntur. Guðmundur Björgólfsson verktaki á Breiðdalsvík lagði einn slóða innan girðingarinnar til að komast um svæðið.

Tafla 13. Gróðursetning á Ormsstöðum II í Breiðdal 2021

Tegund	Kvæmi	Pl. gerð	R.nr.	Fjöldi	Ath.
Stafafura	Skagway	fp40	1	2120	haust
Sitkagreni	Cordova	fp40	1	1400	haust
Stafafura	Skagway	fp40	2	2000	haust
Stafafura	Närlinga	fp40	2	1120	haust
Stafafura	Skagway	fp40	3	2280	haust
Stafafura	Skagway	fp40	4	3600	haust
Ilmbjörk	Embla	fp67	4	1742	haust
Stafafura	Skagway	fp40	9	1000	haust
Stafafura	Skagway	fp40	20	2000	haust
Stafafura	Skagway	fp40	22	4200	haust
Stafafura	Skagway	fp40	23	1800	haust
Stafafura	Skagway	fp40	24	2280	um miðjan júlí
Alaskaösp	Jóra	fp40	25	100	vor, stiklingar
Alaskaösp	Iðun	fp40	29	100	vor, stiklingar
Stafafura	Skagway	fp40	31	2280	haust
Stafafura	Skagway	fp40	32	7200	haust
Stafafura	Skagway	fp67	32	2280	um miðjan júlí
Sitkagreni	Cordova	fp40	32	2440	haust
Stafafura	Skagway	fp40	33	6000	haust
Ilmbjörk	Embla	fp67	33	469	haust
Stafafura	Skagway	fp40	35	4400	haust
Stafafura	Skagway	fp40	36	3320	haust
Sitkagreni	Cordova	fp40	36	800	haust
Stafafura	Närlinga	fp40	36	2560	haust
Sitkagreni	Cordova	fp40	37	600	haust
Sitkagreni	Cordova	fp40	39	10880	um miðjan júlí
Sitkagreni	Cordova	fp40	39	2640	haust
Alaskaösp	Keisari		39	100	vor, stiklingar
Stafafura	Skagway	fp67	40	2680	haust
Stafafura	Skagway	fp40	41	880	haust
Stafafura	Skagway	fp40	42	3400	haust
Stafafura	Skagway	fp40	43	4800	haust
Stafafura	Skagway	fp40	44	800	um miðjan júlí
Alaskaösp	Binni	fp24	44	312	um miðjan júlí
Sitkagreni	Cordova	fp40	44	7280	um miðjan júlí
Sitkagreni	Cordova	fp40	47	3880	haust
Stafafura	Närlinga	fp40	47	880	haust
Alaskaösp	A 566-04		47	100	vor, stiklingar
Alaskaösp	Hallormur		47	100	vor, stiklingar
Stafafura	Skagway	fp40	48	8800	haust
Stafafura	Skagway	fp40	49	2080	haust
			Alls:	105.843	



Ormsstaðir II í Breiðdal

Höfði

Próstur Eysteinnsson skógræktarstjóri gróðursetti sitt af hverju tagi í Höfðalandið.

Tafla 14. Gróðursetning á Höfða 2021

Tegund	Kvæmi	Aldur	Pl. gerð	Fjöldi	Ath.
Reyniviður	Höfði	1/3	pott	46	Tún austan Hjáleiguhrauns
Alaskaösp	Ýmsir klónar	1/0	pott	149	Tún austan og sunnan skemmurústa
Alaskaösp	Súsí	1/0	pott	8	Rauðshaugur
Heggur	Höfði	1/1	pott	29	Tún austan Hjáleiguhrauns
Askur	Tumastaðir	5 ára	pott	2	Tún sunnan í Höfðakolli
Garðahlynur	Danmörk	5 ára	pott	1	Tún sunnan í Höfðakolli
Ilmbjörk	Höfði	1/2	pott	3	Rauðshaugur
Alaskavíðir	Höfði	1/1	pott	2	Rauðshaugur, fræplöntur
Alaskavíðir	Höfði	1/1	pott	28	R-139
Alaskavíðir	Höfði	1/1	pott	113	R-135
Alaskavíðir	Höfði	1/1	pott	10	R-123
Lensuvíðir	3 klónar	3 klónar	pott	20	R-133
Svartelri/rauðelri	Sanderud	2/0	fp40	1335	Tún austan lóðar. Frænr. 219001
Ilmbjörk	Egilsstaðir /Stangarás				Bein sáning, um 2 kg., Egilsstaðaháls/Rauðshaugur
			Alls:	1.746	

Plöntudreifingarstöð

Fyrsta sending af skógarplöntum kom frá Gróðrarstöðinni Sólskógum 7. maí, samtals komu 4 bílar með alls 388.272.plöntur. Vel gekk að afhenda plöntur og voru plönturnar fallegar og í góðu standi.

Haust afhending hófst 19. ágúst, tvær sendingar frá Sólskógum, alls 178.518 plöntur. Síðustu plöntur voru afhentar 11. október. Stærsti hlutinn fór til skógarbænda. Alls voru afhentar 566.790 plöntur frá starfstöðinni í ár.

Fasteignir

Viðhald

Jórvíkurbærinn

Ekki fékkst framlag úr Húsafriðunarsjóði þetta árið. En til er þanill á efri hæð og einangrun, verður því komið upp næsta sumar.

Lindarbakkahús

Úr Húsafriðunarsjóði kom 1.500.000.- til framkvæmda en ekki var unnið við verklegar framkvæmdir á árinu. Framlagið geymt til sumars 2022 í þeirri von að meira fáiast úr sjóðnum.

Vegur og brú í Jórvík

Gengið var frá umsókn um framlag í betri veg heim að bæjunum ásamt því að fá framlag í brú á Jórvíkurá, sem þegar er uppsett. Ekki fékkst framlag en verður sótt um aftur á næsta ári.

Hallormsstaðabær

Trégólf í eldhúsi og á gangi var orðið mjög illa farið. Gólfin voru þússuð og lökkuð, verkefnið unnið Óttari Eypórssyni smíð á Egilsstöðum. Báðar stofur voru málaðar og gólf olíuborin.



Hallormsstaðabærinn, mynd Anna Jakobs.

Vélar og tæki

Bifreiðar

ON-555 Mitsubitsi L-200: Gert við túrbínu og loguð hurð, venjubundið viðhald.

KN-P65 Mitsubitsi L-200: Skipt um kúplingu, endurnýjaður biti undir gírkassa, ný nagladekk

AV-019: Keypt nýtt framljós

Dráttarvélar

Valtra TZ-509: Tjakkur á ámoksturtæki gaf sig og var keyptur nýr, keypt voru 2 led ljós og sett á hliðar á húsi.

Önnur tæki

JCB: Skipt var um stýrisenda, mótorpúða og glussaslöngu í bómu, nýr geymir.

Rammasög: Skipt um legur.

Viðarvagn og krani: Nýja timburklóin bilað, gert við hjá Myllunni. Krani fór upp úr stólpa.

Burkgámur: Gömlu viftunum skipt út, undirstaða á útibraut endurnýjuð.

Eldiviðarsög. Eldiviðarsögin frá 2011 var afskrifuð ónýt, búið er að panta nýja. Fengum lánaða eldiviðarsög í byrjun nóvember frá Búnaðarfélagi Fljótsdals, sem bjargaði okkur algerlega.

Wood-Mizer bandsög: Skipt um legur í bandsagarhaus, keyptur var nýr geymir, en annars hefðbundið viðhald. Við lærðum loks að setja sögina í geymslustöðu sem við vissum ekki af, þar með verður ekki eins mikið álag á turnin á söginni.

Logosol – rammasög: Skipt um legur.

Fjórhljól: Skipt um olíu um miðjan febrúar. Skipt um eldsneytissíu, gert við bremsur og skipt um bremsuklossa. Hjólið er að verða útkeyrt, þarf að endurnýja.

Ýmislegt

UD-11, UD-366 og UD-477 teknir af skrá hjá Vinnueftirlitinu, ekki þörf á öryggisskoðun lengur.

Keyptar voru 3 nýjar Husqvarna rafmagns keðjusagir.

Útivistarsvæði

Hallormsstaðaskógur

Fjallahjólaleið

Eins og árið áður kom vaskur hópur ungs fólks á vegum Landsvirkjunar í byrjun júlí, alls 6 manns. Hópurinn vann við ýmis verkefni við fjallahjólástíginn m.a. stinga fláa, hreinsa upp mosa og klippa teinung. Starfsfólk deildarinnar sagaði niður rótarstubbbar, skar flá og klippti teinung.

Um haustið var hluti af verkefni Seeds hópsins sem kom til okkar svipað og hér að ofan, auk þess að byggja brýr á efri hluta stígsins.

Áhugahópur frá Egilsstöðum lögðu fram töluvert framlag eins og árið áður m.a. smíðað brýr, voru með Mini -gröfu. Fyrir hópnum hefur farið Andri Gunnlaugsson.

Frisbígolfvöllur

Búið að klára A teiga árið áður (erfiðleikastig) a og b)Haldið áfram að klára B teiga, hreinsað úr gönguleiðum á milli teiga, aðgengi yfir læk betrubætt, þyrfti að brúa, bráðabirgðarmerkingar settar upp.
Eftir er að allar varanlegar merkinga og kynna völlinn.

Skriðuklaustur

Starfsmaður Skógræktarinnar setti upp hlið og prílu yfir girðingu á nýja merкта gönguleið frá Valþjófstað upp Tröllkonustíg og niður í gegnum Skriðuklausturgirðinguna í samvinnu við heimafólk í Fljótsdal.

Gönguleiðir í skógi

Farið var með öllum merktum gönguleiðum um skóginn á Hallormsstað, merkistíkur endurnýjaðar og málaðar, hreinsað úr stígum. Heildarlengd merktra gönguleiða er um 25 km.

Skógardagurinn mikli

Enginn skógardagur val haldinn í ár vegna Covid-19 reglna, þetta er annað árið sem fella þarf niður viðburðinn.



Mynd, Anna Jakobs.

Tjaldsvæði

Tjaldsvæðið í Höfðavík var opnað um miðjan maí og Atlavík í byrjun júní. Gestakoma fór hægt af stað í byrjun, eftir 20. júní fór að aukast, júní endaði svo á að verða met júní mánuður í gistináttafjölda frá upphafi. Júlímánuður var einnig með mesta gistináttafjölda frá upphafi, áætla má að um 900 manns hafi verið í gistingu hverja nótt, fækkaði ekki fyrr en í lok mánaðarins. Á þessum tíma má segja að allt starfsfólk deildarinnar hafi unnið við ýmis störf á tjaldsvæðunum. Haustið á tjaldsvæðinu var gott, Höfðavíkinni var ekki lokað fyrr en um miðja október. Eftir þetta lang stærsta sumar í gestakomu er ótrúlegt hvað grasflatir hafa náð sér vel í haust.

Covið-19 hafði ekki áhrif á tjaldsvæðið í byrjun sumars en seinnipartinn í júlí komu nýjar sóttvarnarreglur, þá var Atlavík skipt í tvö hólf og Höfðavík í þrjú hólf.

Ákveðið var að taka einn þriðja af Höfðavíkinni í forbókanlegt tjaldsvæði í sumar. Parka.is hefur verið að setja upp vef fyrir tjaldsvæði með forbókanlegu appi, þar sem gestir fara inná og velja sér svæði og dagafjölda og greiða á netinu. Það má segja að bókunin á Parka hafi gengið alveg ótrúlega vel. Aðeins var af hnökra í byrjun en Parka leysti það hratt og vel.

Farið var að breyta geymslum í stærri samstæðunni Atlavík og nýta þær fyrir sturtur, ekki náðist ekki að klára það fyrir sumarið vegna skorts á iðnaðarmönnum. Í byrjun júní var svæði sléttað og þökulagt í Höfðavík, á efstu og ystu flötinni, alls 60 fm. Í byrjun júlí var ákveðið að bæta við rafmagnstengingum, tókst að koma upp 18 nýjum tenglum á efra svæðinu í Höfðavík í byrjun júlí. Í september var síðan farið í meiri sléttun á grasflötum á sama svæði sem er forbókanlegt, alls um 1200 fm og þökulagt. Skjólbeltið við þjóðveginn í Höfðavík var orðið illa farið vegna maðks í allnokkur ár, gróðursett var nýtt skjólbelti meðfram því eldra, notaður var gljávíðir.

Hreinsitækni á Egilsstöðum tæmdi rotþrær á tjaldsvæðunum tvisvar í júlí.



Höfðavík. Mynd Anna Jakobs.


Tafla 15. Fjöldi gistinátta 2015 – 2021

Mán.	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Mái		258	392	442	313	736	181
Júní	1329	2008	1313	4430	2547	3.490	4.628
Júlí	2677	4374	8788	13197	5270	14.090	25.891
Ágúst	1715	2090	2519	2624	2551	7.591	4.031
Sept.	379	553	829	753	650	164	845
Alls:	6.100	9.283	13.841	21.446	11.331	26.071	35.576

Fjöldi gistinátta 2021

	Ísl. gestir	Erl. gestir
Mái	160	21
Júní	4.347	281
Júlí	25.661	230
Ágúst	3.372	659
Sept.	338	507
Alls:	33.878	1.698

Fjöldi gistinátta eftir mánuðum 2007 – 2021



Trjásafn

Lítið sem ekkert var unnið í Trjásafninu á árinu vegna anna á tjaldsvæðunum. Heldur fækkar þintrjánur í lundinum frá 1937, eitt tré brotnaði niður í byrjun janúar. Þetta er fyrst og fremst margstofna tré sem gefa sig í bleytusnjó og hvassviðri. Hingað og þangað brotnuðu tvítoppa tré í safninu.

Verktaki frá Reyðarfirði sá um að slá grasflötina í Neðsta reit í tengslum við slátt á tjaldsvæðunum.

Tafla 16. Gróðursetning í Trjásafn 2021

Tegund	Latneskt heiti	Kvæmi	Fjöldi	Svæði/reitur/ath.
Askur	<i>Fraxinus excelsior</i>	Frá Gr. Nátthaga	11	Trjásafn. Ofan við slóða og Miðreit
Askur	<i>Fraxinus excelsior</i>	Frá Gr. Nátthaga	11	Trjásafn: ofan við slóða og bogabru.
			Alls: 22	

ÝMISLEGT

Græn skref

Verkefnið Græn skref í ríkisrekstri snýst um að efla vistvænan rekstur ríkisins með kerfisbundnum hætti, alls 5 skref. Fjórða og fimmta var klárað hjá Skógræktinni í lok árs. Vottað af Umhverfisstofnun.

Sjálfbóðaliðar

Átta manna hópur frá Seeds sjálfbóðaliða samtökunum kom 4. september og dvaldi hér í tvær vikur, hópurinn var frá 7 þjóðlöndum. Helstu verkefni hópsins voru að taka upp 5 strengja rafgirðingu yfir Víðidalinn á Hafursá, vinna við fjallahjólástíginn og lítilshátta uppkvistun.



TreproX

Verkefnið kallast TreProX stefnir að því að búa til grunn fyrir framleiðslu skógarafurða á Íslandi og kenna aðferðir við vinnslu trjáa til viðurframleiðslu. Aðal áhersla er á samskipti og samnýtingu efnis til kennslu, nemenda og kennara skipti og að búa til staðla og þekkingu fagaðila í viðurframleiðslu á Íslandi.

Verkefnið er leitt af fjölþjóðlegu teymi sérfræðinga frá Landbúnaðarháskóla Íslands, Skógrækt ríkisins, Trétækniráðgjöf slf, Linnaeus háskólann í Svíþjóð og háskólann í Kaupmannahöfn.

Verkefnið hófst haustið 2019 og er til þriggja ára, það er leitt af Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri. Í nóvember 2020 kom út bókin Gæðafjalir – viðskiptaflokkun á timbri úr barrtrjám, fyrsta afurðin úr samstarfinu. Verkefnið er styrkt af Erasmus + samstarfsáætlun ESB.

Sagað var eftir forsníði efni úr ösp og greni sem sent var til Svíþjóðar vegna styrkleikaprófunar, verkefnið er í umsjón Ólafs Eggertssonar á Rannsóknarstöðinni á Mógilsá.

Starfsmenn deildarinnar þau Bergrún A. Þorsteinsdóttir, Bjarki Sigurðsson og Sigfús J. Oddsson sóttu fimm daga námskeið á Hvanneyri. Það fjallaði um viðargæði og staðla þar að lútandi, sem og skógarumhirðu, farið var víða um suður og vesturland vegna þessa. Um 40 þátttakendur sóttu námskeiðið. Einn Teams fundur var haldinn í verkefninu á árinu.



Rjúpnaveiði

Rjúpnaveiðitímabilið var síðast ákveðið til þriggja ára og var með sama sniði og síðustu tvö ár. Stuttu fyrir veiðitímabil var ákveðið að ekki væri heimilt að hefja leit eða veiðar fyrr en kl. 12:00 þá daga sem heimilt er að veiða, vegna þessa voru veiðileyfi lækkuð úr 6.500 kr. í 4.500 kr. veiðibann var miðvikudaga og fimmtudaga. Veiðidagar voru 22, frá 1. nóvember til og með 30. nóvember.

Tafla 17. Sala veiðileyfa 2019 - 2021

Svæði	Fjöldi veiðileyfa 2019	Seld leyfi 2019.	Fjöldi veiðileyfa 2020.	Seld leyfi 2020.	Fjöldi veiðileyfa 2021	Seld leyfi 2021	Hlutfall seldra leyfa 2020.
Gilsárdalur-Hallormsstaðaháls	132	35	132	43	132	43	32,6 %
Jórvík í Breiðdal	44	20	44	18	44	13	29,5 %
Ormsstaðir II í Breiðdal	66	13	66	5	66	1	1,5 %
Alls:	242	68	242	66	242	57	

Námskeið/fundir/ráðstefnur

23. mars Námskeið í brunavörnum, haldið á Teams, allir starfsmenn.

11. - 15. október. Bergrún, Sigfús og Bjarki sóttu Treprox námskeið haldið á Hvanneyri og suðurlandi.

12. nóvember Bergrún sótti ráðstefnu tjaldsvæðanna, haldin á Hilton Nordica á vegum Parka.

Ársskýrsla 2021

Þór Þorfinnsson
Bergrún Arna Þorsteinsdóttir